

Alþingi
Erindi nr. P 138/215/
komudagur 11.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. maí 2010

Efni: Frumvarp um breytingu á lögum um loftferðir. Þskj. 957 – 567. mál.

Flutningasvið SVP hefur fengið til umsagnar frumvarp til breytinga á loftferðalögum. Með frumvarpinu eru boðaðar ýmsar breytingar í þá veru að auka einhliða valdheimildir ríkisstofnunar til hækkunar gjaldskrár. Er Alþingi eindregið hvatt til að standa gegn slíkum breytingum.

Athygli Alþingis er vakin á því að tilskipun ESB nr. 2009/12/EC sem vitnað er í athugasemdum með frumvarpinu er sett til verndar viðskiptavinum flugvallanna. Í 11 tl. formála tilskipunarinnar segir „*Airport charges should be non-discriminatory. A compulsory procedure for regular consultation between airport managing bodies and airport users should be put in place with the possibility for either party to have recourse to an independent supervisory authority whenever a decision on airport charges or the modification of the charging system is contested by airport users.*“

Ennfremur segir í 13 tl. formálans:

„*It is vital for airport users to obtain from the airport managing body, on a regular basis, information on how and on what basis airport charges are calculated. Such transparency would provide air carriers with an insight into the costs incurred by the airport and the productivity of an airport's investments. To allow an airport managing body to properly assess the requirements with regard to future investments, the airport users should be required to share all their operational forecasts, development projects and specific demands and suggestions with the airport managing body on a timely basis.*“

Þá á tilskipun 2009/12/EC einungis við þá flugvelli aðildarlanda Evrópusambandsins þar sem farþegahreyfingar fara yfir fimm milljónir á ári sbr. 2. tl. 1. gr. tilskipunarinnar.

Ákvæði 3. mgr. tilskipunarinnar hljómar svo: „*Member States shall ensure that airport charges do not discriminate among airport users, in accordance with Community law. This does not prevent the modulation of airport charges for issues of public and general interest, including environmental issues. The criteria used for such a modulation shall be relevant, objective and transparent.*“

Ofangreindar tilvitnanir í formála og ákvæði tilskipunarinnar sýna að tilskipunin er sett til varnar notendum flugvalla. Öll ákvæði hennar snúa að því að vernda flugrekendur gegn einokun rekstraraðila flugvallanna.

Breytingatillögur frumvarps til loftferðalaga aftur á móti snúast um að auka vald ríkisins til einokunartilburða á flugvöllum sem er beinlínis í andstöðu við tilskipunina sem vitnað er í í frumvarpinu. Flutningasvið SVÞ hvetur löggjafann til að hafna þeim ákvæðum frumvarpsins sem þetta á við.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Lagt er til að 7. gr. frumvarpsins verð felld brott. Með samþykkt ákvæðisins væri löggjafinn að samþykkja að fella brott að ráðherra þurfi að staðfesta gjaldskrá þjónustunnar. Það er eðlilegur varnagli að ráðherra þurfi að staðfesta gjaldskrá þjónustunnar og engin rök fyrir því að fella ákvæðið brott nema að gera einhliða ákvörðun stjórnslustofnunarinnar um hækkun gjaldskrár þægilegri. Slíkt er ekki til þess fallið að auka vernd viðskiptavina flugvalla og er því í andstöðu við tilskipunina sem vísað er til í athugasemdum með ákvæðinu. Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/12/EC.

Lagt er til að 8. gr. frumvarpsins verði felld brott. a. og b. liður. Með samþykkt ákvæðisins væri löggjafinn að samþykkja að minnka rétt viðskiptavina flugvalla til að fara fram á rökstuðning fyrir gjaldskrárhækkunum komi upp ágreiningur í notendanefnd. Samþykkt þessa ákvæðis væri í andstöðu við anda tilskipunar ESB nr. 2009/12/EC sem er ætlað að tryggja vernd notenda flugvalla sem fyrr segir.

Í b. lið 8. gr. sem einnig er lagt til að sé felldur brott er lagt til að aðilum sé heimilt að skjóta ágreiningi sínum til Flugmálastjórnar Íslands. Í öðrum málslíð b-liðar er ákvörðun stofnunarinnar sögð endanleg á stjórnslustigi og í þriðja málslíð er aðila gert að greiða kostnað af slíku málskoti. Ailt ber að sama brunn – einhliða vald ríkisstofnunarinnar yfir notanda flugvallarins er hert. Á sama tíma og látið er því liggja að breytingarnar séu gerðar á grundvelli ESB tilskipunar sem augljóslega er ætlað að hafa gagnstæð áhrif.

Í athugasemdum með 8. gr. er vísað í að með tilskipun ESB 2009/12/EC sé gerð krafa um tryggja óháðum eftirlitsaðila að skera úr um ágreining milli aðila og að lagt sé til með frumvarpinu að Flugmálastjórn Íslands fái þetta hlutverk að vera „óháður eftirlitsaðili“. Það ber að draga í efa að flugrekendur séu sammála samgönguráðuneytinu um þetta að Flugmálastjórn Íslands sé „óháður eftirlitsaðili“.


Ákvæði 11. gr. tilskipunarinnar hljómar orðrét:

„Member States shall nominate or establish an independent authority as their national independent supervisory authority in order to ensure the correct application of the measures taken to comply with this Directive and to assume, at least, the tasks assigned under Article 6. Such an authority may be the same as the entity entrusted by a member State with the application of the additional regulatory measures referred to in Article

1(5), including with the approval of the charging system and/or the level of airport charges, provided that it meets the requirements of paragraph 3 of this Article“

Flutningasvið SVP gagnrýnir harðlega það verklag sem þetta frumvarp samgönguráðuneytisins staðfestir og hvetur löggjafann til að samþykkja ekki slíkt verklag. Flugrekendur þarfnast verndar löggjafans gegn einokun ríkisvaldsins til gjaldtöku eins og á við um fleiri fyrirtæki í svipaðri stöðu Eins og flutningasvið SVP hefur ítrekað bent á skortir verulega á að Alþingi veiti ríkisvaldinu aðhald í slíkum tilfellum. Dæmi um frumvarp eins og þetta hér ætti að vekja löggjafann til vitundar um að vera gagnrýnið og veita aðhald þegar innleiðingar tilskipana og reglugerða ESB eru annars vegar. Það kann ekki góðri lukku að stýra að láta stjórnslustofnunum eftir að túlka og búa til sín lög sjálfar eins og því miður mörg dæmi eru til um.

Virðingarfyllt,


Signý Sigurðardóttir
Forstöumaður flutningasviðs